

Sagan um Renart – Le roman de Renart

Sagan um Renart er ekki ein saga heldur margar. Verkið er safnrit sem inniheldur mislangar, ólíkar sögur og skiptist í 26 þætti eða hluta sem voru samdir á alllöngu tímabili af mörgum höfundum, flestum óþekktum. Elstu sögurnar eru eignaðar klerkinum Pierre de Saint-Cloud og eru frá því um 1171 en þær yngstu frá um 1250. Allar eiga þær það sameiginlegt að fjalla um Renart, refinn falska og fláráða, deilur hans og átök við hin dýrin í skóginum eða nágrenni hans: hanann Fagurgala, úlfinn Ísengrín, björninn Brúnó, krummann Tícelín, hænuna Pinte, köttinn Tíbert, snigilinn Slóða og fleiri. Mannfólkinu bregður einnig fyrir en aðeins í aukahlutverkum.

Menn hafa löngum haft gaman af að eigna dýrum mannlega hegðun og framkomu. Þannig má líka gera grín að samfélaginu og gagnrýna það og annað fólk, eða veraldlega og trúarlega valdhafa. Dæmisögur Esóps og fleiri verk þar sem dýr eru í aðalhlutverkum voru vel þekkt á ritunartíma *Sögunnar um Renart* og gætir áhrifa þeirra víða í henni. Hér eru það klerkar sem draga dár að samtíma sínum og samfélag dýranna endurspeglar samfélag manna: lénskipulag, munkareglur, bardaga, réttarhöld, hirðlíf, en einnig hversdagslegri þætti tilverunnar í miðaldasamfélaginu. Ekkert er klerkunum heilagt og síðast en ekki síst skopast þeir að þeim bókmenntum sem voru í hvað mestum hávegum hafðar á ritunartíma verksins: kappkvæðum og riddarasögum. Hetjurnar sem hér ríða um héruð eru ekki göfugar, hæverskar og hugrakkar heldur eigingjarnar, hræsnisfullar og illa innrættar.

Ádeilan og skopið veга því þungt í þessum frásögnum. Eitt er þó ekki síður áhugavert við lesturinn og það er sú mynd sem dregin er upp af dýrunum, háttum þeirra og venjum. Umhverfinu og sveita-

lífinu er vandlega lýst, til dæmis þegar sagt er frá hæsnaveiðum rebba. Einnig er umbreytingin frá dýri til manns og frá manni til dýrs svo vel fléttuð inn í frásögnina að stundum veit lesandinn ekki lengur hvort er á ferðinni maður eða dýr. Það er eitt af því sem setur svip sinn á þriðja þátt verksins sem hér er þýddur. Þar segir frá viðskiptum Renarts við fiskkaupmenn og því hvernig hann gabbar sinn gamla fjandvin, úlfinn Ísengrín. Sagan gerist að vetrarlagi, sem er óvenjulegt í frönskum bókmenntum frá þessu tímabili, og hér fáum við að kynnast helsta óvini dýranna í skóginum á þessum árstíma, hungrinu, og hvernig ráða má bót á því. Svo miklar voru vinsældir rebba að nafn hans í sögunni, Renart, var notað allt frá 13. öld sem nafn yfir refi almennt.

Eins og flest önnur frönsk bókmenntaverk frá þessum tíma er *Sagan um Renart* ljóðsaga og bundin í átta atkvæða ljóðlínur með runurími. Við þýðingu kaflans var stuðst við útgáfu Jeans Dufournet á verkinu sem er frá árinu 1985¹. Þýtt er á óbundið mál en uppsetning textans gefur dálitla hugmynd um byggingu frumtextans.

1 *Le roman de Renart*. Texte établi et traduit par Jean Dufournet et Andrée Méline, Paris: GF-Flammarion, 1985, 2 b., hér 1. bindi, bls. 280–307. Þessi útgáfa byggir á eldri útgáfu: *Le roman de Renard (branches I, II, III, IV, V, VIII, X, XV)*. Chronologie, préface, bibliographie, notes et lexique par Jean Dufournet, Paris: Garnier-Flammarion, 1970.